

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjarskiptasjóð,  
stöðu ljósleiðaravæðingar o.fl.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra gera ráðstafanir til þess að framlengja starfstíma fjarskiptasjóðs þegar starfstíma sjóðsins lýkur í lok þessa árs og hvernig sér hann framtíðarhlutverk sjóðsins fyrir sér?
2. Hvernig hefur tekist að uppfylla markmið um aðgengileg og greið fjarskipti sem sett eru fram í 1. tölul. þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022, nr. 4/141?
3. Hve margir notendur hafa fengið nettengingar á vegum átaksverkefnisins Ísland ljós-tengt, í hvaða sveitarfélögum eru þeir og hve margir er áætlað að fái nettengingu áður en verkefninu lýkur? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.
4. Í hvaða sveitarfélögum hefur ljósleiðari verið lagður og hvert hefur framlag fjarskipta-sjóðs verið þegar hann hefur komið að málum? Svarið óskast sundurliðað eftir árum og að fjárhæðir settar fram á verðlagi yfirstandandi árs.
5. Hver hefur kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna verið í hverju tilviki fyrir sig, sundur-liðað í kostnað á hverja tengingu og heildarkostnað á verðlagi yfirstandandi árs?
6. Hver var tengikostnaður notenda í hverju sveitarfélagi fyrir sig á verðlagi yfirstandandi árs?
7. Eru einhverjir byggðakjarnar enn ekki tengdir ljósleiðara?
8. Er áformað að gefa þeim sveitarfélögum sem á undanförunum árum hafa staðið fyrir lagn-ingu ljósleiðara án stuðnings frá fjarskiptasjóði, og þar sem talið er að markaðsbrestur hafi ríkt, kost á að sækja um framlag úr sjóðnum þannig að jafnræðis verði gætt?
9. Hvernig er eignarhaldi ljósleiðaranna háttáð í hverju sveitarfélagi fyrir sig og hvernig verður eignarhaldinu háttáð samkvæmt þeim samningum sem gerðir hafa verið um verk-efnin?
10. Hverjar voru virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs af verkefnum sem fengu framlög úr fjar-skiptasjóði og hver voru framlög sjóðsins til sömu verkefna?

Skriflegt svar óskast.